

Ed.

721. Breytingartillögur

[96. mál]

við frv. til laga um sjúkraþjálfun.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 2. gr. orðist svo:

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem hafa lokið prófi við skóla, sem viðurkenndur er fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

2. 3. gr. orðist svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því, að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til þess að stunda sjúkraþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

3. 4. gr. orðist svo:

Sjúkraþjálfari starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu.

4. 5. gr. orðist svo:

Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.

5. Við 10. gr. Fyrir „yfirlækni“ í 2. málslíð komi: landlækni.

6. Á eftir 13. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til námsbraut í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands tekur til starfa skal leita umsagnar Félags íslenskra sjúkraþjálfara um þau atriði, sem stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands er ætlað að fjalla um í lögum þessum.